

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 14. janúar 2016

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um almennar íbúðir þskj. 643 – 435. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um almennar íbúðir. Með frumvarpinu er lagt til að ríki og sveitarfélög veiti stofnframlög til að byggja og kaupa svokallaðar almennar íbúðir til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda og eru undir tilgreindum tekju- og eignaviðmiðum.

BSRB hefur lagt til að almennu leigukerfi að norrænni fyrirmynd verði komið á hér á landi til að tryggja öllum húsnæði á viðunandi kjörum. Þannig mætti jafnframt, að mati bandalagsins, tryggja búsetuöryggi leigjenda til lengri tíma.

Þá leggur BSRB áherslu á, í stefnu sinni, að húsnæði verði reist sem miði sérstaklega að þörfum leigjenda. Bandalagið hefur bent á að sérstaklega vanti smærra húsnæði af ódýrari gerðinni víða um land. Hentugt leiguhúsnæði myndi leggja sitt af mörkum við að gera leigumarkaðinn ódýrari valkost en áður hefur verið og þannig stuðla að því að gera leiguformið að raunverulegum valkosti í búsetumálum á Íslandi. Þá verður að auka lánveitingar til bygginga á leiguhúsnæði til muna svo að þetta geti orðið að veruleika.

BSRB bindur miklar vonir við að framboð leiguhúsnæðis fyrir launafólk aukist verulega verði frumvarpið um almennar íbúðir að lögum. Mikilvægt er að tekjulágum fjölskyldum sem hingað til hafa ekki átt kost á því sé veittur aðgangur að öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegu leiguverði. Bandalagið telur mikilvægt að verulegum fjármunum verði varið til uppbyggingar á leigumarkaði þannig að hægt sé að mæta mikilli og brýnni eftirspurn sem fyrst. Jafnframt telur bandalagið grundvallaratriði að það kerfi sem byggt verður upp verði til lengri tíma sjálfbært.

Bandalagið telur meðal brýnustu markmiða sé að tryggja að leiguverð sé viðráðanlegt fyrir efnaminni leigjendur. Bandalagið telur rétt að kveða með skýrum hætti á um það í lagatexta að leiga sé ekki umfram 20-25% af tekjum líkt og fram kemur í almennum athugasemdum frumvarpsins. Að sama skapi er annað markmið frumvarpsins að auka búsetuöryggi leigjenda. Bandalagið bendir á að ekki er fjallað um það í frumvarpinu, hvorki í einstökum ákvæðum né í athugasemdum, hvernig með skuli fara hækki tekjur leigjenda umfram viðmiðunarfjárhæðir. Bandalagið telur mikilvægt að það liggi fyrir með skýrum hætti að

hækki tekjur leigjenda umfram viðmiðunarfjárhæðir sé leigjendum ekki gert að fara úr húsnæði enda eitt af markmiðum hins nýja leigukerfis að auka búsetuöryggi fjölskyldna.

Að mati BSRB er brýnt að auka verulega framboð leiguhúsnæðis sem fyrst og hvetur því bandalagið til samþykktar frumvarpsins með vísan til þeirra athugasemda sem hér eru fram settar. Bandalagið áskilur sér jafnframt rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir
Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri